

Fundarnúmer:	533
Dagsetning:	10.03.2008
Tími:	10:00
Staður:	Fundarsalur Ráðhúss

533. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 10. mars 2008 kl. 10:00 á skrifstofu sveitarstjóra.

Dagskrá:

1. Viðræður við fulltrúa Eignarréttarnefndar Húnaþings vestra.
2. Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga – Boðun XXII. Landsþings.
3. Erindi USVH - Kjör Íþróttamanns Húnaþings vestra.
4. Bréf stjórnar Kennarasambands Norðurlands vestra.
5. Aðalfundarboð Sparisjóðs Keflavíkur.
6. Bréf Helenu Halldórsdóttur.

Afgreiðslur:

1. Til fundar með byggðarráði eru mættir fulltrúar Eignarréttarnefndar Húnaþings vestra þeir Gunnar Sæmundsson, Jóhannes Björnsson og Ólafur B. Óskarsson. Gerðu þeir grein fyrir stöðu þjóðlendumála á Íslandi, stöðu mála í einstökum landshlutum, kröfugerða ríkisins og málaferlum sem í gangi eru. Jafnframt gerðu þeir grein fyrir störfum sínum varðandi öflun gagna um afréttir m.a. eignarheimildir og stöðu þeirra v/ fyrirhugaðrar kröfugerðar ríkisins í Vestur-Húnavatnssýslu sem áætlað er að birt verði á árinu 2009. Fulltrúar eignarréttarnefndarinnar hvöttu til þess að sameiginleg mál vegna þessa verði rædd við Borgfirðinga auk þess sem lögfræðingur verði ráðinn til starfa hið fyrsta til að gæta hagsmuna sveitarfélagsins. Byggðarráð samþykkir að fela sveitarstjóra að óska fundar með fulltrúum sveitarstjórnar Borgarbyggðar um þessi mál og fleiri og að leita eftir ráðningu lögmanns vegna þjóðlendumála.
 2. Fram lagt bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem boðað er til XXII. landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga. Landsþingið verður haldið þann 4. apríl nk. í Reykjavík.
 3. Erindi stjórnar USVH lagt fram. Í erindinu er óskað eftir því að gert verði samkomulag milli Húnaþings vestra og USVH um kjör og viðurkenningu á Íþróttamanni USVH og Húnaþings vestra. Byggðarráð felur sveitarstjóra, íþróttá- og tómsfundarfulltrúa að ræða við fulltrúa USVH um þetta mál.
 4. Bréf stjórnar Kennarasambands Norðurlands vestra (KSNV) lagt fram. Í bréfinu eru sveitarstjórnir á starfssvæði KSNV hvattar til að nýta heimildarákvæði núgildandi kjarasamnings Launanevndar sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands um sérstakar aukagreiðslur til kennara og starfsfólks grunnskóla. Byggðarráð felur sveitarstjóra að afla upplýsinga frá öðrum sveitarfélögum á starfssvæði KSNV.
 5. Fram lagt aðalfundarboð Sparisjóðs Keflavíkur. Fundurinn verður haldinn þriðjudaginn 11. mars nk. kl 17:00 í Bláa Lóninu í Grindavík. Byggðarráð samþykkir að Elín R. Líndal, oddviti fari með umboð Húnaþings vestra á fundinum.
 6. Bréf Helenu Halldórsdóttur lagt fram. Í bréfinu er sveitarstjórn Húnaþings vestra hvött til endurskoða þá ákvörðun að veita henni ekki stuðning í háskólanámi sínu. Sveitarstjórnin er jafnframt hvött til að veita starfsmönnum sveitarfélagsins sem stunda háskólanám stuðning sambærilegan þeim sem veittur hefur verið í grunnskóla og leikskóla. Byggðarráð samþykkir að fela sveitarstjóra að leggja drög að starfsmannastefnu fyrir Húnaþing vestra þar sem m.a. verði ákvæði um endur- og símenntun.
- Samþykkt að taka á dagskrá:
7. Byggðarráð samþykkir að fela sveitarstjóra að leggja drög að bréfi vegna endurskoðunar samgönguáætlunar fyrir fund sveitarstjórnar þann 13. mars nk.

Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 11:50

Heimir Ágústsson(sign.), Skúli Þórðarson(sign.)

Elín R Líndal(sign.),

Guðný Helga Björnsdóttir(sign.).

Áheyrnarfulltrúi:

Oddur Sigurðarson(sign.).